


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Teikningar og verklýsingar í húsasmíði TEH203 Kennsluáætlun haustannar 2014	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari:	Halldór Torfi Torfason	Sk.stöfun:	HTT
		Stofa:	B02


Áfangalýsing

Nemendur fá þjálfun í lestri og gerð byggingateikninga með áherslu á timburhús og þakvirki. Fjallað er um almenna byggingaupprætti en samhliða koma einnig burðarvirkisupprættir þar sem m.a. er komið inn á ýmiskonar álag á byggingar og brunahönnun. Fjallað er um algengustu útfærslur burðarvirkja úr tré, byggingatæknilegar lausnir, hönnunarforsendur og verklýsingar með tilliti til m.a. efniskrafna og einangrunar. Nemendur kynnast mátkerfi fyrir byggingariðnaðinn og fá þjálfun í gerð efnislista og kostnaðarútreikninga á grundvelli hönnunargagna. Áfanginn er ætlaður húsasmíðum og byggist á verkefnavinnu með leiðsögn kennara.

Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki trévirki timburhúsa og útfærslur einstakra byggingarluta
- þekki íslenska staðla um timbur og festingar í burðarvirki húsa
- þekki helstu fagheiti á byggingar- og burðarvirkisuppráttum
- viti deili á mátkerfi fyrir byggingariðnaðinn og hagnýtingu þess
- geti lesið og unnið með teikningar af timburhúsum og trévirkjum
- þekki gerðir uppráttu og teikninga og öll almenn teiknitákn
- geti lesið og skilið merkingar og verklýsingar á teikningum
- geti gert efnislista og einfalda kostnaðarútreikninga á grundvelli teikninga
- hafi innsýn í tæknilegar útfærslur vegna álags og einangrunar
- geti teiknað algengustu deililausnir trévirkja og lítið timburhús
- þekki teikniaðferðir og teiknireglur fyrir trévirki og timburhús
- geti gert rissmyndir af deililausnum einstakra byggingarluta úr tré
- geti gert upprætti af litlu timburhúsi og deiliteikningar trévirkja

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2	Teikningar og verklýsingar í húsasmíði	
	TEH203	
	Kennsluáætlun haustannar 2014	

Vika	Námsefni	Verkefni	Vægi
39	Kynning		
39–48	Teiknaðar verða valdar teikningar úr sumarhúsi VMA með áherslu á burðarvirki, festingar, efni og verklýsingar. Áfanginn er í tenglum við áfangana TIH10A og ÚVH102	1. Grindur 2. Undirstöður 3. Festingar 4. Lóðrétt snið	20% 20% 20% 40%

Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.

Námsgögn	
Bækur	Útveggjaklæðningar , IÐNÚ 2005
Ljósrit	Sumarhús VMA 2012–2014
Annað	Timburhús e. Anders Frøstrup, IÐNÚ 1996 – bókasafn VMA

Námsmat	Lýsing	Vægi
Verkefnaskil	Þegar önninni lýkur, í 49. viku, skulu verkefni vera útprentuð á A2 blöð og í möppu í B03	100%

Kennsluáætlun þessa er einnig að finna á <http://www.vma.is/is/namid/kennsluaetlanir>

Réttur til breytinga áskilinn

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils